

Efni: 19/1940 Umsögn til Alþingis vegna frumvarps um bann við umskurði drengja.

Nú á 148. löggjafarþing 2017–2018 liggur fyrir frumvarp til laga er varða hegningarlög og bann við umskurn drengja. Innleiðing þessara laga væri skýlaust brot á Stjórnarskrá Íslands. Stjórnarskrá Íslands tryggir trúfrelsi allra þegna landsins. Í stjórnarskrá Íslands stendur: „Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu“.

Eins og alþekkt er þá er þá er umskurn sveinbarna á áttunda degi grunnatriðið í iðkun gyðingartrúar. Þeir trúna því að þetta sé partur af því hlutverki sem þeim er ætlað og umskurnin er sáttmálastákn milli Guðs og þeirra. Samanber skírnar-sáttmáli Kristinna manna við Guð. Þegar þeir m.a. skíra ungbörn sín. Það er óvæfengjanleg staðreynd að umskurn er hluti af iðkun Gyðingartrúar eins og skírnr er hluti af iðkun Kristinnar trúar. Gyðingar trúna því að umskurn sveinbarna fylgi sérstök blessun og velvild Guðs fyrir þá. Gyðingar eru ekki þekktir fyrir að þvinga sinni trú uppá aðra. Vera má að trúlausir, kristnir eða menn annara trúar telji að Guð komi þar hvergi nálægt og að enginn blessun Guðs fylgi umskurn sveinbarna þeirra. Skoðun og trú þessara hópa er ekki rétt hærri en trú gyðinga. Þannig er ekki hægt að banna trúariðkun eins hóps vegna lífsskoðunar annars hóps. Um þetta snýst einmitt ákvæðið í stjórnarskránni. Annað væri mismunur. Þvert á móti tryggir Íslenska stjórnarskráin að trú allra sé metin að jöfnu. Þegar Gyðingar iðka trú sína með því að umskera sveinbörn sín er ekki hægt að væna þá um að þeir séu að „kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu“. Um allan heim og í öllum löndum eru drengir umskornir af ýmsum ástæðum. Um 55% Bandaríkjamanna eru umskornir, um 33% Kanadamanna og margir telja að um þriðjungur manna í heiminum séu umskornir. Umskurn hefur aldrei verið bönnuð nema af grimmustu harðstjórum mannkynssögunar og hefur ávallt tengst ofsóknum gegn Gyðingum. Bæði á okkar tímum og í gegnum aldirnar hefur það ekki talist annað en gott siðferði að umskera drengi. Með því að setja lög gegn umskurn drengja væri hvort tveggja, farið gegn almennu siðferði og gegn ákvæði stjórnarskrár Íslenska lýðveldisins um trúfrelsi allra. Nýjar stefnur og ný hugmyndafræði má ekki vera forsenda fyrir því að ákvæði Stjórnarskrárinnar séu ekki virt. Stjórnarskráin verndar okkur frá fjótræði og bráðræði borgaranna. Kapp er best með forsjá, sá sem hraðar sér misstígur sig. Góðir Alþingismenn munið að þið hafið svarið eið að halda stjórnarskrá Íslands. Það er augljóst að þessu frumvarpi ber að hafna.

Steinþór Als, Laugavegur 137. 105 Reykjavík, S:8976123